



Skoðunarhandbækur og skoðunarskýrslur eru leiðbeiningar til skoðunarmanna/sjómannanna um framkvæmd á lögbundnum skoðunum eins og þær eru skilgreindar í lögum um eftirlit með skipum og reglugerðum settar á grundvelli þeirra laga.

Skoðunarhandbók

Uppsetning í skoðunaratriðahluta handbókarinnar er þannig (frá vinstri til hægri):

Reglugerð: Tilvísun í viðkomandi laga- eða reglugerðaákvæði.

Túlkun: Tilvísun til kafla í umburðarbréfi eða verklagsreglu sem inniheldur túlkanir á reglugerðum, í staðla eða ákvæði um frávik frá meginreglu.

Verklýsing: Tilvísun til kafla í umburðarbréfi eða verklagsreglu sem inniheldur verklýsingu vegna skoðunar á viðkomandi skoðunaratriði.

Upplýsingar: Upplýsingar um gildistöku ákvæðis, ritað “ dd/mm/áááá, sem á við um viðkomandi búnað, ef skipið er smíðað eða því breytt eftir gildistöku viðkomandi reglu.

3108 Fjarskiptabúnaður				3108 Fjarskiptabúnaður				
Reglugerð	Túlkun	Verklýsing	Upplýsingar	Skilgreiningar á dæmingum	Aðferð	Forsenda dóma	Sérm.	Dæming
2.2.1.2 53/2000 III kafli gr. 20 og 21.	Varðandi sjálfvirka- tilkynningarskyldu gegnum AIS og VHF DSC talstöð á hafsvæði A1, sjá atriði 3921.		Gildistaka 20/01/2000	Fjarskiptabúnaður samkvæmt gr. 20 skal vera um borð á hafsvæði A1. Á hafsvæði A2 gildir gr. 21. Skoða á 12 mánaða fresti. Viðtæki til hlustunar veðurfregna.	V/S V/S V/S V/S	Búnað vantar eða er bilaður. Lagfæra þarf hluta búnaðar (bilunin hefur ekki áhrif á öryggi skipsins). Búnaður óskoðaður. Vantar eða ekki í lagi.		3 2 2 1

Skilgreiningar á dæmingum: Hér eru dæmingar skilgreindar í samræmi við kröfu í reglu eða ákveðin orð í forsendum dóma skilgreind.

Aðferð: Hér er mælt fyrir um þá aðferð sem beita skal þegar viðkomandi skoðunaratriði er metið. Skoðun ákveðins atriðis getur samanstáð af fleiri en einni skoðunaraðferð. Sérhver bókstafur gefur til kynna hvaða aðferðum skuli beitt:

H: Hljóðskoðun

M: Mæling

K: Átaksskoðun

S: Sjónskoðun

L: Lyktarskoðun

V: Virkniathugun

Við **hljóðskoðun** og **lyktarskoðun** er ástand viðkomandi búnaðar eða hlutar skips metið með því að hlusta eftir óeðlilegu hljóði og finna óeðlilega lykt.

Við **sjónskoðun** er átt við mat á sýnilegu ástandi að svo miklu leyti sem við verður komið, án þess að taka hlutinn í sundur. Oft getur hins vegar þurft að fjarlægja hluti, búnað eða innréttingar til þess að komast að til skoðunar.

Við **átaksskoðun** er handafla beitt á viðkomandi búnað og ástand hans metið. Athugað er hvort ástand búnaðarins eða stilling hans verði óeðlileg þegar þessum krafti er beitt.

Við **mælingu** er notað mælitæki til að ákveða dæmingu viðkomandi skoðunaratriðis. Mælitæki getur verið þykktarmælir, málband o.fl.

Við **virknithugun** er búnaðurinn prófaður og gengið úr skugga um að hann vinni eins og til er ætlast.

Forsenda dóma: Forsendu dóma er hér lýst, þ.e. hvaða ágalli leiðir af sér viðkomandi dæmingu. Dagsetningar eru ritaðar með sama hætti hér og í kaflanum um upplýsingar.



Útfylling skoðunarskýrslu: Mikilvægt er við upphaf skoðunar og meðan á henni stendur, að fulltrúi útgerðar sé viðstaddur. Færa skal niðurstöður skoðunar á viðeigand skoðunarskýrslu og er sýnishorn þess að finna á heimasíðu Siglingastofnunar.

Eftirfarandi skal útfyllt við upphaf skoðunar: Skipaskrárnúmer; nafn; umdæmisnúmer; lengd; hvar skipið er skoðað, dagsetning skoðunar og hvort um er að ræða reglubundna aðalskoðun, milliskoðun eða endurskoðun.

Við hvert skoðunatriði sem við á skal merkja með krossi "X" í reit 0,1,2 eða 3 eftir því sem við á og í samræmi við leiðbeiningar í skoðunarhandbók. Ef skoðunarhandbók tekur ekki afstöðu til þeirrar athugasemdar sem upp kemur í skoðun, skal skoðunarmaður meta atriðið, gefa dæmingu í samræmi við sitt mat og hafa þá til hliðsjónar hvaða dæmingu handbókin gefur á skoðunatriði sem geta talist sambærileg eða svipuð. Ekki má færa inn dæmingar í skyggða reiti. Þar sem ekki er krafa um viðkomandi búnað eða skoðunatriði skal setja lárétt strik -- í reit númer 0 sem táknar að viðkomandi skoðunatriði á ekki við þetta skip.

Skoðunarskýrsla getur aldrei talist vera tæmandi upptalning á skoðunatriðum sem skal skoða. Sé eitthvað augljóslega ábótavant er varðar ástand skips, hluta þess eða búnað, ber skoðunarmanni að gera athugasemd, enda er tilgangur skoðunar að ganga úr skugga um að ástand skips og búnaðar þess sé í samræmi við þær reglur sem um skipið gilda á hverjum tíma, svo að ásættanlegt geti talist og í samræmi við skoðunarhandbækur eða aðrar leiðbeiningar. Ef athugasemd er gerð, sem tengist ekki ákveðnu skoðunatriði sem er á skoðunarskýrslunni, skal setja slíka athugasemd undir atriðið "X990 Annað".

Í lok skoðunar skal niðurstaða skoðunar færð í þar til gerðan reit á skoðunarskýrslu þó þannig að neðst á skoðunarskýrslunni sé færð niðurstaða skoðunar, sem er hæsta gildið af dæmingum í skoðuninni 0-3. Ef um er að ræða dæmingu 2 skal skoðunarmaður einnig færa frestur til úrbóta. Fyrir *farþegaskip* og *farþegabáta* er heimilt að veita:

- allt að 1 mánuð í frest að mati skoðunarmanns. Ef niðurstaða skoðunar er 2* (dæming 2, merkt með "*"), er heimilt að veita **allt að 1 viku í frest.**

Fyrir *allar aðrar tegundir skipa* er heimilt að veita:

- allt að þriggja mánaða frest að mati skoðunarmanns. Ef niðurstaða skoðunar er 2* (dæming 2, merkt með "*"), er heimilt að veita **allt að 1 mánuð í frest.**

Niðurstaða skoðunar:			
0	Án athugasemda	1	Lagfæring Úrbætur innan 30 daga
		2	Endurskoðun Frestur til: 200
		3	Sjósókn óheimil
Athugasemdir færast í:			
Skoðunarmaður		Eftirlitsbók	_____ - 200 _____
		Athugasemdabók	_____ - 200 _____ nr. _____
Staðfesting viðskiptamanns að skoðun hafi farið fram		Tölvu	_____ - 200 _____



Neðst á skýrslunni skal færa hvenær athugasemdir voru færðar í tölvu (skipaskrá þ.e. heildarlista skoðunar). Einnig er mikilvægt að færa upp í haus skýrslu gildistíma skoðunar hér þarf þó ekki að vera um gildistíma háffæris að ræða þar sem aðrar skoðanir eða þættir geta ráðið þar um. Skoðunarmaður skal undirrita skoðunarskýrslu því til staðfestingar að skoðun sé lokið að hans hálfu. Fulltrúi útgerðar skal undirrita skoðunarskýrslu þess efnis að skoðun hafi farið fram.

Þegar gildistími skoðunar er ákvarðaður af skoðunarmanni skal gætt að því, að hliðra ekki til gildistíma skoðunar þó svo útgerð hafi fengið frest til að framkvæma skoðun.